



## Fjórðungsþing Austfirðinga 1947-1948, Fjórðungssamband Norðlendinga 1948

Bjarni Benediktsson – Fjórðungsþing Austfirðinga 1947-1948 - Fjórðungssamband Norðlendinga 1948

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-9, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FJÓRDUNGSPING AUSTFIRÐINGA

Seyðisfirði, 1. nóv. 1948.


Herra domsmálaráðherra Bjarni Benediktsson,

R e y k j a v í k .

Hér með sendist yður, herra stjórnarskrárnefndarmaður,  
fundargerð Fjórðungspings Austfirðinga frá 12. - 15. okt. sl.-  
Hefir hún inni að halda samþykkt þingsins um stjórnarskrármálið,  
sjá III. lið.-

Virðingarfyllst

F.h. FJÓRDUNGSPINGS AUSTFIRÐINGA,



# Fjórðungsþing 1948

## Fundargerð.

Dagana 12.—15. okt. 1948 var Fjórðungsþing Austfirðinga háð á Seyðisfirði í fundarsal bæjarstjórnarinnar þar. Forseti þingsins, Gunnlaugur Jónasson, setti þingið og þauð fulltrúa velkomna. Fundarstjóri var kjörinn Lúðvík Ingvarsson, sýslumaður, en fundarritrarar: Eyþór Pórðarson, kennari og Erlendur Sigmundsson, sóknarprestur.

Þessir fulltrúar voru mættir frá sýslu- og bæjarfélögum á Austurlandi:

### Úr Norður-Múlasýslu:

Hjálmar Vilhjálmsson, sýslumaður. Gísli Helgason, bóndi, Skógarßerði. Þorsteinn Sigfússon, bóndi, Sandbrekkur.

### Úr Suður-Múlasýslu:

Lúðvík Ingvarsson, sýslumaður. Þétur Jónsson, bóndi, Egilsstöðum. Sigurbjörn Snjólfsson, bóndi, Gilsárteigi.

### Úr Neskaupstað:

Bjarni Pórðarson, bæjargjaldkeri. Eyþór Pórðarson, kennari. Jón Sigfússon, fyrv. bæjarstjóri.

### Úr Seyðisfjarðarkaupstað:

Erl. Sigmundsson, sóknarprestur. Gunnl. Jónasson, bankagjaldkeri. Jónas Jónsson, framkvæmdastjóri.

Svohljóðandi dagskrá fyrir þingið var samþykkt:

1. Skýrsla fjórðungsþingsstjórnar.
2. Reikningar fjórðungsþingsins.
3. Stjórnarskrármálið.
4. Rafmagnsmálið.
5. Skýrsla ritnefndar.
6. Bankamálin.
7. Verzlunarmálin.
8. Úthlutun togara.
9. Skömm tunarmálin.
10. Önnur mál.

Kosið var í tvær aðalnefndir þingsins, fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd.

I fjárhagsnefnd voru kosnir:  
Jónas Jónsson,  
Bjarni Pórðarson,  
Gísli Helgason og  
Pétur Jónsson.

I allsherjarnefnd voru kosnir:  
Gunnlaugur Jónasson,  
Jón Sigfússon,  
Sigurbjörn Snjólfsson og  
Þorsteinn Sigfússon.

Þessi mál hlutu afgreiðslu á þinginu:

#### I. Skýrsla stjórnarinnar.

Forseti þingsins, Gunnlaugur Jónasson gerði ýtarlega grein fyrir störfum stjórnarinnar.

#### II. Reikningar fjórðungsþingsins.

Forseti lagði fram reikninga þingsins fyrir árið 1947, svohljóðandi:

R E I K N I N G U R  
yfir tekjur og gjöld Fjórðungsþings Austfjarða  
árið 1947 ag efnahag pr. 31. desember 1947.

#### G J Ö L D :

1. Kostnaður við þinghald 12.—14. sept. 1947 .....	Kr. 3564,70
2. Vangreiddir dagpen. frá f. ári —	160,00
3. Kostnaður við stjórnarskrárn. . .	960,00
4. Vérlitun .....	85,00
5. Simakostnaður .....	57,50
6. Uppdráttur að afreksmerki ....	100,00
7. Frímerki, pappir og prentun ..	137,00
Tekjuafgangur	335,80
	Kr. 5400,00

#### T E K J U R :

1. Tillag Norður-Múlasýslu .....	Kr. 1500,00
2. — Suður-Múlasýslu .....	— 1500,00
3. — Neskaupstaðar .....	— 1200,00
4. — Seyðisfjarðarkaupstaður .	— 1200,00

Kr. 5400,00

#### E F N A H A G U R 31. desember 1947.

I vörzlu reikningshaldara:	
Sjóðeign skv. reikn. 17. sept. 1947	Kr. 5335,78
Tekjuafgangur 1947 .....	— 335,80

Samtals: Kr. 5671,58

Seyðisfirði, 31. desember 1947.

Gunnl. Jónasson.

Fjárhagsnefndin endurskoðaði reikninga þessa og lagði til að þeir yrðu samþykktir og var svo gert einróma.

Lagði nefndin fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1949 og var hún samþykkt umræðulaust.

### III. Stjórnarskrármálið.

Hjálmar Vilhjálmsson, sýslumaður, flutti málið af hálfu stjórnarnefndar. Gerði hann grein fyrir störfum nefndarinnar á milli þinga, og fundi þeirra nefndarmannanna með stjórnarskránefnd Fjórðungspings Norðlendinga á Akureyri í summar. Loks las hann upp samþykktir Fjórðungspings Norðlendinga í máli þessu og gerði ítarlegan samanburð á þeim og tillögum þeim, sem Fjórðungsping Austfirðinga samþykkti í fyrra. Í meginatriðum eru tillögurnar að mestu samhljóða.

Lagði Hjálmar Vilhjálmsson fram svohljóðandi tillögu stjórnarskránefndar:

„Stjórnarskránefnd leggur eindregið til, að tillögur Norðlendinganna verði samþykktar óbreyttar og að kosnir verði tveir menn til að vinna að framgangi þessara tillagna á milli þinga ásamt tveim mönnum, er Fjórðungsping Norðlendinga hefur þegar kosið til þessa starfa.“

Næst tók til máls Gunnlaugur Jónasson. Taldi hann rétt að samþykkja norðlenzku tillögurnar óbreyttar, þótt hæpið væri að allar breytingar þær, sem Norðlendingar hafa gert á austfirzkum tillögumnum væru til bóta. Hins vegar væru breytingarnar yfirleitt svo smávægilegar að ekki væri rétt að gera ágreining um þær.

Jón Sigfússon lýsti ánægju sinni yfir störfum stjórnarskránefndar og undirtektum Norðlendinga. Þó taldi hann miður farið, að fimmtí kafli austfirzkum tillagnanna, um dómsvaldið og skipun þess, skuli hafa verið felldur niður. Lýsti hann sig fylgjandi því að tillögurnar yrðu nú samþykktar óbreyttar.

Bjarni Þórðarson lýsti sig mótfallinn tillögu stjórnarskránefndar og málínu, eins og það liggur fyrir, sérstaklega þó kosningafyrirkomulaginu og valdsviði forsetans.

Tillaga stjórnarskránefndar var síð-

an borin undir atkvæði og samþykkt með 10:2 atkvæðum.

Kosningu í hina sameiginlegu stjórnarskránefnd Norðlendinga og Austfirðinga hlutu einróma þeir:

Hjálmar Vilhjálmsson, sýslumaður og Erlendur Björnsson, bæjarstjóri.

Varamenn voru kjörnir:

Lúðvík Ingvarsson, sýslumaður og Gunnl. Jónasson, bankagjaldkeri.

### IV. Rafmagnsmálið.

Stjórn fjórðungsþingsins lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Fjórðungsping Auðsfirðinga ítrekar fyrri áskoranir sínar til ríkisstjórnar og Alþingis um Rafveitu Austurlands og átelur hve seint miðar aðgerðum í því máli.

Vill þingið benda á, að heppilegt muni að staðsetja á Austurlandi eitt-hvert stórt iðjufyrirtæki, t. d. áburðarverksmiðju, til þess að styðja hagkvæman rekstur rafveitunnar. Slík stóriðja mundi og stórauka gjaldeyristekjur þjóðarinnar.“

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar sem fjallaði um hana og flutti svohljóðandi viðaukatillögu:

„Pá vill þingið benda á, að sýnilegt er, að ekki geta öll byggðarlög og einkum þó sveitabæir fengið raforku fyrst um sinn frá sameiginlegrí orkustöð. Telur þingið því bráðnauðsynlegt, að gerðar verði tafarlaust rannsóknir á því, með hverjum hætti hagkvæmt muni að fullnægja rafmagnsbörf sveitabæja og þeirra byggðarlaga, sem myndu að svo stöddu ekki fá rafmagn frá sameiginlegri aflstöð.

Því skorar fjórðungspingið á ríkisstjórnina, að leggja fyrir Rafmagnseftirlit ríkisins, að láta framkvæma raunhæfar rannsóknir á þessu án tafar.

Sjái nefnd stjórnarvöld sér ekki fært að verða við þessari áskorun, þá vill fjórðungspingið leggja það til við sýslunefndir Múlasýslna, að þær ráði sér sameiginlega kunnáttumenn til þess, að framkvæma þessa áður umræddu rannsókn á smærri virkjunarskilyrðum í fjórðungnum, þar sem eiga hlut að máli, byggðarlög og sveitabæir, sem ekki er líklegt að fái raforku frá hinni sameiginlegu orkustöð í náinni framtíð.“

Eftir miklar umræður var tillaga borin undir atkvæði í heild og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### V. Skýrsla ritnefndar.

Formaður ritnefndar, Hjálmar Vilhjálmsson, gerði grein fyrir störfum ritnefndar og lagði fram reikninga mánadarritsins Gerpis fyrir árið 1947. Allmiklar umræður urðu um fyrirkomulag blaðsins. Reikningunum var vísað til fjárhagsnefndar og að athugun hennar lokinni voru þeir samþykktir í einu hljóði.

#### VI. Bankamálín.

Hjálmar Vilhjálmsson hafði framsögu í málinu og lagði fram tillögu frá stjórninni. Miklar umræður urðu um málið.

Svohljóðandi tillaga stjórnarinnar var samþykkt í einu hljóði:

a) „Fjórðungsþing Austfirðinga átelur harðlega synjun bankastjóra Búnaðarbanka Íslands á því, að stofnsetja útibú frá bankanum í Egilsstaðakauptúni. Telur þingið það algerlega óviðunandi, að bændur af Austurlandi verði að leita til Reykjavíkur um nauðsynlegar lánveitingar til starfsemi sinnar.

Fyrir því skorar fjórðungsþingið eindregið á landbúnaðarráðherra, að hlutast til um að útibú verði stofnsett í Egilsstaðakauptúni frá Búnaðarbankanum þegar á næsta ári.

b) Fjórðungsþing Austfirðinga ítrekar áskorun sína á bankaráð Landsbanka Íslands um sérstakt útibú frá bankanum í Neskaupstað.“

virðist ætla að verða fólk, sem leggur Bjarna Þórðarsyni var samþykkt í einu hljóði:

„Þingið felur stjórn sinni, að hlutast til um það, að bankaútibú og sparisjóðir hér eystra hagi innbyrðist viðskiptum sínum svo, að ekki þurfi að greiða provision af tékkávísunum.“

Þingið fól stjórn sinni, að koma til-lögum þessum á framfæri við rétta aðila ásamt nauðsynlegum greinargerðum og rökstuðningi.

#### VII. Verzlunarmálín.

Stjórnin lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Fjórðungsþing Austfirðinga lýsir fyllsta stuðningi sínum við meginatriðin í áskorun Fjórðungssambands Norðlendinga á Fjárhagsráð, um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa.“

Gunnlaugur Jónasson hafði orð fyrir tillögunni. Var henni síðan vísað til fjárhagsnefndar og með ráði hennar var hún samþykkt einróma.

#### VIII. Úthlutun togara.

Stjórnin lagði fram tillögu í málinu og var henni vísað til allsherjarnefndar. Svohljóðandi tillaga frá nefndinni var samþykkt með öllum atkvæðum:

„Fjórðungsþing Austfirðinga skorar á ríkisstjórnina, að úthluta þeim 10 togurum, sem hún hefur nýlega samið um smíði á, til staða utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Bæjar- eða sveitastjórnir þeirra staða sem fá togara úthlutaða, hafi ráðstöfunarrétt yfir þeim, og verði þeim tryggt nægilegt lánsfé til þess að kaupa skipin með ekki lakari kjörum, en Stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur veitt til kaupa á togurum undanfarid.

Af þeim togurum, sem þegar er úthlutað var aðeins þriðjungur staðsettur úti á landi. Til þess að ná jöfnuði um þessa úthlutun, verður að staðsetja öll þessi 10 skip utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.“

#### IX. Skömmtunarmál.

Stjórnin lagði fram tillögu í málinu og var henni vísað til sérstakrar nefndar. I henni sátu: Bjarni Þórðarson, Sigurbjörn Snjólfsson og Gunnlaugur Jónasson. Lagði hún fram svohljóðandi tillögu:

a) „Fjórðungsþing Austfirðinga skorar á ríkisstjórnina, að láta hætta skömmtu á matvörum og vinnufatnaði, þar sem skömmtu á þessum vörum virðist ekki byggjast á skorti á þeim, en gjaldeyrissparnaður vegna þessarar skömmunar ekki mikill.

Pyki ekki fært, að afnema skömmtu á þessum vörum, vill fjórðungsþingið mælast til þess, að skömmtu matvara einkum sykurs verði réttlátari framvegis en hún hefur verið undan farið, þar sem kaupstaðarbúar, einkum þeir sem í Reykjavík búa, hafa stórum betri

aðstöðu en aðrir landsmenn til þess, að drýgja hinn takmarkaða sykuurskammt með því að kaupa miðalaust sætt brauð og sykurvörur frá brauðgerðum og efnagerðum.

Leggur fjórðungsþingið til, að sykurskammtur til einstaklinga verði aukinn sem svarar því magni sem nú fer til brauðgerðarhúsa og efnagerða. Nokkrum hluta sykurreitanna á skömm tunar seðlinum verði skipt í smærri einingar, sem nota megi til kaupa á sætu brauði og sykurvörum, en brauðbúðir og efnagerðir fái sykurskammt til sinnar framleiðslu gegn skiluðum sykurreitum. Telur fjórðungsþingið, að með þessu móti fái brauð- og efnagerðir eðlilegan starfsgrundvöll, þar sem þessi fyrirtæki fengju þá aðstöðu til þess, að framleiða nákvæmlega það magn af sætu brauði og sykurvörum, sem menn vilja fúslega af þeim kaupa.“

Tillaga þessi var samþykkt í einu hljóði.

b) Sama nefnd lagði fram svohljóðandi tillögu um úthlutun rafmagnstækja:

„Fjórðungsþing Austfirðinga telur að Austfirðingar hafi borið mjög skarðan hlut frá borði við úthlutun rafmagnsheimilistækja. Átelur þingið þetta harðlega og bendir á að þörf manna fyrir rafmagnstæki er mjög mikil á Austurlandi og fer sífellt vaxandi vegna þess, að á ýmsum stöðum eru yfirstandandi nýjar raforkuframkvæmdir. Þingið krefzt þess af gjaldeyris- og innflutningsyfirvöldunum, að þau úthluti Austfirðingum leyfum til kaupa á rafmagnstækjum í samræmi við möguleika manna til að notfæra sér þessi tæki, enda er fjárhagsleg afkoma rafveitnanna, mjög undir því komin, að fólk hafi tækifæri til þess, að hagnýta þá orku, sem fyrir hendi er á hverjum tíma.“

Fram kom svohljóðandi viðbót tillaga frá Jónasi Jónssyni:

„Þingið átelur það enn fremur, að sumum bæjar- og sveitarfélögum hafi verið veitt leyfi fyrir þessum tækjum, en öðrum algerlega neitað.“

Tillagan með þessari viðbót var samþykkt í einu hljóði.

#### X. Önnur mál.

##### a) Fjárbeiðni.

Svohljóðandi tillaga kom fram og var samþykkt samhljóða:

„Fjórðungsþing Austfirðinga skorar á Alþingi að veita á næsta árs fjárlögum kr. 10000.00 starfsfjárstyrk til fjórðungsþingsins.“

##### b) Áfengismál.

Sigurbjörn Snjólfsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

Fjórðungsþing Austfirðinga skorar á Alþingi, að setja bann við innflutningi og framleiðslu áfengra drykkja hér á landi.“

Tillaga þessi var felld með 4:4 atkvæðum.

Pá kom fram svohljóðandi tillaga frá Hjálmar Vilhjálmsyni:

„Fjórðungsþing Austfirðinga skorar á Alþingi að taka nú þegar upp skömmun á áfengi. Skömm tunar ákvæðum verði m. a. þannig háttar, að þeir einir fái skömm tunarmiða fyrir áfengi, sem greitt hafa opinber gjöld sín lögum samkvæmt. Ennfremur sé þeim synjað um áfengi, sem gerzt hafa brotlegir við áfengislög.“

Samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum.

#### XI. Kosning ritnefndar.

Ritnefdarmenn voru allir endurkjörnir, og skipa ritnefndina nú, þeir:

Hjálmar Vilhjálmsson, (form.),  
Erlendur Björnsson og  
Erlendur Sigmundsson.

#### XII. Stjórnarkosning.

Stjórnin var endurkosin. Í henni eiga sæti:

Eyþór Pórðarson,  
Gunnlaugur Jónasson,  
Hjálmar Vilhjálmsson og  
Sigurbjörn Snjólfsson.

Gunnlaugur Jónasson var endurkjörinn forseti fjórðungsþingsins.

Fundargerð upplésin og samþykkt.  
Þingi slitið.

Eyþór Pórðarson. Lúðvík Ingvarsson.  
Erl. Sigmundsson. Gísli Helgason.  
Hjálmar Vilhjálmsson. Jón Sigfússon.  
Gunnl. Jónasson. Jónas Jónsson.  
Pétur Jónsson. Bjarni Pórðarson.  
Porst. Sigfússon . Sigurbj. Snjólfsson.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 4. desember 1947.

•/. Hér með sendist stjórnarskrárnefnd afrit af  
bréfi stjórnar fjórðungsþings Austfirðinga, dags. 1. okt.  
þ. á., ásamt nefndaráliti stjórnarskrárnefndar þingsins.

F. h. r.

Bjarni Þorláksson

Til

stjórnarskrárnefndar,  
b/t herra ráðherra Bjarna Benediktssonar,

R e y k j a v í k .

AFRIT

stjórnarskránefnd

sguðvöldum Ágúst Þorlákss. s. d.

(.næs) NOSAMJÁLHIV RAMBLH (næs) NOSAMJÁLH  
Fjórðungsþing Austfirðinga GUNNAR.

-----

Hér með sendist stjórnarskránefnd afrit af

Seyðisfirði, 1. október 1947.

Vér leyfum oss hér með að senda yður, hæstv. herra

forsætisráðherra, tillögur um nokkur meginatriði lýð-veldisstjórnarskrár fyrir Ísland, sem samþykktar voru með 9:1 atkv. á fjórðungsþingi Austfirðinga, sem haldið var á Norðfirði 19. - 21. sept. s.l. Tillögunum fylgir greinargerð stjórnarskránefndar fjórðungsþingsins. Svo-hljóðandi ályktun varðandi þetta mál var ennfremur samþykkt á þinginu:

"Fjórðungsþingið felur stjórn sinni að koma til-lögum þeim um nokkur meginatriði stjórnarskrárinna, sem samþykktar voru, á framfari við ríkis-stjórnina, um leið og þingið skorar fastlega á hana að láta nú þegar fram fara endurskoðun þá á stjórnarskránni, sem um var samið í málefna-samningi stjórnarflokanna."

Viljum vér mælast til þess, að þér, herra forsætis-

stjórnarskránefndar,

ráðherra, komiðaskorun þessari á framfari við hæstvirta

rikiðstjórn.

Vér vœntum þess einnig, að tillögur fjórðungsþingsins í stjórnarskrármálinu verði lagðar fyrir

vœtanlega stjórnarskránefnd, þegar hún verður skipuð

og tekur til starfa.